

Iceland all the way ehf.  
Kristján Erling Jónsson  
Háulind 14  
201 Kópavogur

Reykjavík 15. september 2017  
UST201709-040/I.M.B.  
09.08.02

**Efni: Akstur utan vega - Landmannalaugar - Hattver**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Kristjáns Erling Jónssonar fyrir hönd Iceland All The Way ehf, dagsett 6. september 2017, um leyfi vegna dagsferðar fyrir akstur utan vega innan Friðlandsins að Fjallabaki einhvern eftirtalinna daga, 17., 19. eða 20. september n.k. vegna kvikmyndatöku fyrir þýskt tónlistarmyndband.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vegar.

Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Friðland að Fjallabaki er friðlýst, sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979.

**Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að aka um 10 km leið eftir árfarvegi inn Jökulgil inn af Landmannalaugum inn í Hattver og kvikmynda þar fjallgöngumann á gönguslóðum. Farið verður á einum Land Rover jeppa á stórum dekkjum, með kerru, með 4-5 manns. Fara þarf með þungan búnað og tökur þurfa að eiga sér stað í birtu, þannig að tími til töku er knappur. Ökutækið eru einungis ætlað til flutninga á mannskap og búnaði.

**Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni ekki hafa varanleg neikvæð áhrif á hið friðlýsta svæði ef farið er að eftirfarandi skilyrðum.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri inn Jökulgil og inn í Hattver, einn af eftirtöldum dögum 17., 19. eða 20. september, þá leið sem sett er fram á korti sem fylgdi umsókninni, 2017 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með akstri utan vega, framkvæmd kvikmyndatökunnar og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun sem er landvörður að Fjallabaki og haft skal samband við hann í síma 822-4083 eða 490-0051 með a. m. k. dags fyrirvara.
- Setja skal upp merkingu í Landmannalaugum, í samráði við landvörð, um að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir akstri utan vega vegna kvikmyndatöku.
- Hafa skal þetta leyfi meðferðis þegar unnið er við kvikmyndatökuna.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Allur akstur utan vega, annar en sá er leyfið nær til, er bannaður.
- Ökumanni er skyld að gæta sérstakrar varkárn og forðast að valda náttúruspjöllum, sbr. 6. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.
- Einungis er heimilt að aka um ógrónar áreyrar.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum þar sem því er við komið. **Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að það valdi ekki gróðurskemmdum og skemmdum á jarðmyndunum.**
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að tökum loknum. **Umferð starfsfólks verkefnisins takmarkast við vegi og akstur á áreyrum. Ekki skal farið inn á gróðursvæði þar sem umgangur er líklegur til að valda skemmdum.**
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í vatn eða jarðveg.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að stofnuninni er heimilt að beita þvingunarúrræðum skv. lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd, ef ofangreindum skilyrðum er ekki fylgt.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir afgreiðslu leyfisumsókna sem stofnunin annast á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Gjald fyrir afgreiðslu leyfis til aksturs utan vega í tengslum við kvíkmyndagerð kr. 39.400.- sbr. 24. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst. Gert er ráð fyrir að lágmarki 5 klst. í verkefnið.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson  
Sérfræðingur